



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFTND HRUNAMANNAHREPPS

14. fundur Veitu- og framkvæmdaneftndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 24. febrúar 2025 kl. 15:30 í Ráðhúsínu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra eru mætt: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Dagskrá:

- 1. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs fór yfir stöðu eftirtalinna verka:**
 - a. Félagsheimili – nýtt ráðhús
Unnið er að upphafi framkvæmda og samið hefur við verktaka um verkið. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í næsta mánuði. Félagsmiðstöðin mun að einhverju leyti verða starfrækt í Flúðaskóla fram á vor til að framkvæmdir geti hafist. Pökkun bókasafns mun fara fram í mars.
 - b. Girðingar við Flúðaskóla
Unnið er með verktaka að lagfæringu á þeirri girðingu sem komin er upp og vonir standa til að þeirri framkvæmd ljúki í vor með góðum hætti.
 - c. Móttökustöð – gámasvæði
Undirbúningur að gjaldtöku er í vinnslu vegna móttöku efnis en rúmmál verður skráð við móttöku og reikningur sendur frá skrifstofu. Klippikort verður sent til allra íbúðaeigenda sem nýtist sem inneign á gámasvæðið.
 - d. Framkvæmdir við salerni og kennslugang Flúðaskóla
Í sumar munu salerni verða endurnýjuð og gólefni lögð samhliða á kennslugang. Verktaki hefur verið ráðinn í verkið.
 - e. Önnur verkefni
Unnið er að breytingum á innra skipulagi áhaldahúss og breytingum á starfsmannaðstöðu og samhliða hefur verið unnið að betra skipulagi innanhúss.

EES *SAS* *DGS*
WT *BR*
X *CW*

Rætt um endurbætur á palli við sundlaugina og hugmyndir að ódýrri lausn sem komið getur í veg fyrir hálkuna sem þar hefur ávallt verið til óþurftar.

2. Flatholt – umræða um gerð geymslusvæðis

Nefndin telur nauðsynlegt að mæta þörf fyrir geymslusvæði þar sem aðilar gætu leigt svæði sem nýst getur þeim sem þurfa geymslusvæði. Kynnt voru drög að deiliskipulagi svæðis við Flatholt sem nýst getur fyrir slíka starfsemi.

Nefndinni lýst vel á staðsetningu og uppbyggingu slíks svæðis og telur rétt að skipulagsvinna haldi áfram.

3. Iðjuslóð, Garðstígur og Ljónastígur – fyrirkomulag útboðs.

Lögð fram drög að kostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna.

Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að verkið fari í eitt heildstætt útboð að undanskyldum verkpáttum er lúta að fráveitu í Ljónastíg og vatnsveit í Iðjuslóð en starfsmenn veitufyrirtækjanna munu sjá um þann þátt verksins.

4. Iðjuslóð – breyting á deiliskipulagi vegna framkvæmda sumarsins.

Lögð fram drög að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Iðjuslóðar.

Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að breytingin verði kláruð á grundvelli tillögunnar.

5. Flúðaorka drög að samningi.

Lögð fram endurbætt drög að samningi um sölu á umframvarma úr jarðhitavatni frá Kópsvatnsholu KV-02 sem veitustjóri og sveitarstjóri fóru yfir.

Nefndin felur sömu aðilum að klára samningaviðræður í samræmi við umræður á fundinum og leggja endanlegan samning fyrir sveitarstjórn.

6. Erindi frá Guðrún Eiríksdóttur vegna Hrunalaugar.

Í erindinu er lögð fram ósk um heitt og kalt vatn í búningsaðstöðu, til snjóbræðslu o.fl. við Hrunalaug.

Nefndin samþykkir að orðið verði við erindinu enda greiðir umsækjandi allan kostnað við lagnir og tengingar í samræmi við reglur þar um.

7. Staða undirbúnings við byggingu skála í Svínárnesi.

Oddviti gerði grein fyrir stöðu málsins og byggingarleyfi hefur verið gefið út vegna framkvæmdarinnar.

EES SS DGS
WAA BOV

Elm

8. Öflun vatns í Skollagróf.

Veitustjóri kynnti mögulegt fyrirkomulag um vatnsöflun vegna Skollagrófar.

Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að borað verði eftir köldu vatni í landi Skollagrófar og sé niðurstaðan sú sem vonast er eftir leggur nefndin til að veitustjóra verði heimilt að ganga til samninga við ábúendur um nýtingu vatnsins. Með þessari framkvæmd væri samningur við ábúendur frá 2005 uppfylltur.

9. Hreinsistöð undir Hofatúni – staða málss.

Síðasta verkfundargerð lögð fram til kynningar. Stefnt er að uppsetningu á nýju keri í hreinsistöðinni í vikunni og þar með væri hægt að taka hreinsistöðina í notkun.

10. Umræða um vetrarþjónustu og ástand vegakerfisins í sveitarféluginu.

Rætt um vetrarþjónustu og almennt viðhald og ástand vega í sveitarféluginu.

Nefndin vill leggja áherslu á mikilvægi þess að snjómokstur sé oftar en nú er á Skeiða- og Hrunamannavegi ofan við Flúðir. Jafnframt eru hálkuvarnir afar mikilvægar á þessum fjölförnu leiðum. Til þess að betur sé hægt að ná utan um umræðu um þessi mál þá vill nefndin óska eftir að Vegagerðin framkvæmi umferðartalningu á Skeiða- og Hrunamannavegi ofan við Flúðir og jafnframt á Hrunaveginum þar sem óskir hafa komið frá íbúum um úrbætur og slitlag.

11. Verkfundargerðir

- a. Röðulstangi – gatnagerð – frá 3. febrúar.

Fundargerðin sem er af upphafsfundi verksins er lögð fram til kynningar en verkið mun hefjast um mánaðamótin febrúar-mars.

- b. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 11. febrúar 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c. Blákvíslarveita – frá 20. janúar og 20. febrúar 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:53.

Bjarni Vigniðólfur
Eur E. Sigurðsson

Jóann Þorláksson
Guðrún Haraldsdóttir
Konráður Haraldsdóttir
Dóði Geir Samuelsson
